

Reglur um uppsetningu og rekstur ljósastaura í Eyja-og Miklaholtshrepp.

1. gr.

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Eyja-og Miklaholtshrepps geta eigendur íbúðarhúsnæðis óskað eftir að sveitarfélagið setji upp ljósastaura við húsnæði þeirra. Hámarksfjöldi ljósastaura við íbúðarhús á lögbyli með fastri búsetu eru tveir staurar. Hámarksfjöldi við íbúðarhúsnæði með fastri búsetu sem ekki er lögbyli er einn staur.


2.gr.

Sveitarfélagið greiðir fyrir ljósastaurana og kostar uppsetningu þeirra.

3.gr.

Að uppsetningu lokinni eru ljósastaurarnir eign eigenda viðkomandi húsnæðis og ber eiganda að sjá um viðhald þeirra en sveitarfélagið greiðir rafmagnskostnað með eingreiðslu árlega samkvæmt áætlaðri rafmagnsnotkun vegna ljósastauranna.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2008.



Eggert Kjartansson
Oddviti Eyja og Miklaholtshreppur

Oddviti
Eyja- og Miklaholtshrepps